

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing, Krossanesi Krossanesi Akureyri



Dags eftirlits	8.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing, Krossanesi	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmastöð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540523,65 578809,711

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða þrýstiprófanir og mælingar á virkni gufuendurnýtingarbúnaðar. Ein ábending var sett fram.□

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Krossanesi þann 8. október 2025. Aðeins var farið í vettvangsskoðun þann dag en yfirferð gagna fór fram 9. desember 2025.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið yfir starfsleyfið
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Kynning á meðfylgjandi gögnum
7. Önnur mál
8. Vettvangsskoðun

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti og engin ábending var gerð.

2. Farið yfir starfsleyfið

Starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar gildir til 17. ágúst 2036. Heimilt er að geyma allt að 25.000 m³ af olíu í stöðinni, þarf af allt að 7.900 m³ í stærsta geymi, og allt að 6.000 m³ af bensíni. Jafnframt er heimilt að taka á móti allt að 1.000 tonnum af úrgangsolíu á ári og meira ef um ófyrirséð atvik er að ræða.

3. Eftirlitsmælingar og skráningar

Að minnsta kosti árlega skal rekstraraðili mæla virkni gufuendurnýtingarbúnaðar, sbr. gr. 4.2. í starfsleyfi. Bent er á að Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki borist niðurstöður mælinga á virkni búnaðarins 2024. Er því um frávik að ræða. Niðurstöður mælinga fyrir árin 2023, 2024 og 2025 bárust að eftirliti loknu og er fráviki því lokað.

Niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagnir skal þrýstiprófa á 5 ára fresti, sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi. Lagnir voru samkvæmt síðustu eftirlitsskýrslu þrýstiprófaðar árið 2018 og áttu því að vera þrýstiprófaðar á ný árið 2023. Niðurstöður mælinga skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfis- og orkustofnunnar. Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki borist gögn um að þrýstiprófanir á lögnum hafi farið fram árið 2023 og því er um frávik að ræða. Skýrsla með niðurstöðum þrýstiprófana sem fram fóru árið 2023 barst Umhverfis- og orkustofnun að eftirliti loknu og því er fráviki lokað.

Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar, sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi. Skv. gögnum Umhverfis- og orkustofnunar fór slík mæling fram árið 2022 en stofnuninni hefur ekki borist gögn um að slík mæling hafi verið gerð á árinu 2025. Niðurstöður athugunar á olíu í fráveituvatni sem gerð var með strímlum barst að eftirliti loknu.

4. Áætlanir og viðbrögð

Áhættumat, viðbragðsáætlanir og áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun eru til staðar. Bráðamengunartrygging er í gildi til 31. desember 2025.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða er óbreytt.

6. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Rekstraraðili var beðinn um að kynna sér leiðbeiningar um olíuskiljur og kynningu á breyttu verklagi við eftirlit Umhverfis- og orkustofnunnar sem send voru með boðun eftirlits.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

8. Vettvangsskoðun

Athafnasvæði stöðvarinnar er afgirt og voru girðingar í lagi og hlið lokuð við komu. Tíu geymar eru í stöðinni sem geyma bensín, DMA, flotaolíu, gasolíu, lífdísel og úrgangsolíu. Allir geymar eru í olíuheldum þróm. Áfyllingarplan er olíuhelt með niðurfalli tengdu við olíuskilju. Þvottaplan er tengt við sandgildru. Olíuskiljur og sandgildrur eru tæmdar reglulega.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagnir og löndunarbarka skal þrýstiprófa á 5 ára fresti. Niðurstöður mælinga skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunnar. Niðurstöðum vegna þrýstiprófana var síðast skilað til Umhverfis- og orkustofnunnar árið 2018.
Gr. 4.2 í starfsleyfi	Að minnsta kosti árlega skal rekstraraðili mæla virkni gufuendurnýtingarbúnaðar. Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki borist niðurstöður mælinga á virkni búnaðarins árið 2024.□

ÁBENDINGAR

Að minnsta kosti árlega skal rekstraraðili mæla virkni gufuendurnýtingarbúnaðar, sbr. gr. 4.2. í starfsleyfi. Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki borist niðurstöður mælinga á virkni búnaðarins árið 2025.□

Reykjavík, 26.01.2026

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Stella Hrönn Jóhannsdóttir